



# Íslandsmót í tvímenningi 2012

Íslandsmót í tvímenningi 2012 verður haldið dagana 6. og 7. október 2012.

## Olíuburður.

Olíuburður verður [40 fet Vargen](#) og [44 fet Älgen](#)

## Forkeppni laugardaginn 6. október kl. 8:00 í Egilshöll

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðil. Verð í forkeppni kr. 6,500,- pr. tvímenning.

## Milliriðill laugardaginn 6. október kl. 10:00 í Egilshöll

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðil kr. 6,000,- pr. tvímenning.

## Undanúrslit sunnudaginn 7. október kl. 8:00 í Egilshöll

Spilað er allir við alla einföld umferð. Efstu 2 tvímenningarnir leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 6,500,- pr. tvímenning.

## Úrslit sunnudaginn 7. október – strax að loknum undanúrslitum:

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis viðureignir teljast sem hálf stig á hvorn tvímenning. Ef enn er jafnt eftir 5 leiki skal pinnafall ráða. Sjá nánar í reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi.

## Skráning fer fram á [netinu](#) og lýkur miðvikudaginn 3. október klukkan 22.00

Vinsamlega skráið báða aðilana um leið með bandstriki á milli nafnana.

T.d. Jón Jónsson - Jón Jónsson.

## Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.